

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60
17. júní 1957, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

2. töluliður 37. gr. laga nr. 60/1957 orðist svo:
2. í læknadeild 12.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 27. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927,
um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í stað „1961“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1963.

2. gr.

Á eftir fyrri málsgrein í ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein:
Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins af innflutningi sjónvarpstækja skal renna
til Ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 27. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.